

Nd.

155. Frumvarp

til laga um breytingu á samkomutíma reglulegs Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal jafnan koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði, nema konungur hafi ákveðið annan samkomudag á sama ári.

2. gr.

Alþingi kemur fyrsta sinn saman eftir lögum þessum 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Kostir og ókostir vetrarþinga hafa oft verið taldir og vegnir á móti kostum og ókostum sumarþinga. Hefir á ýmsu oltið um þann samanburð. En hvað sem honum líður, þá verður því eigi neitað, að miðvetur er miklu hæpnari samkomutími fyrir Alþingi en miðsumar, og vita allir, sem kunnugir eru vetrarfari á Norðurlandi og austanlands, að þeir isrekavetrar koma öðru hverju, sem hamlað geta öllum skipaferðum á þessum slóðum um lengri eða skemri tíma vetrar og gera allar siglingar með ströndunum hættulegar. Það hefir einnig reynst svo, að vetrarþing hafa eigi lengi verið vinsæl.

Alla þá tíð, sem Alþingi var háð á Þingvelli, eða um 870 ár, var það að sumri haldið. Svo var einnig frá því það var endurreist 1845 allt til 1909, er það í fyrsta sinn var að vetri háð. En að því sinni stóðu vetrarþing að eins til 1911, og var 1912 aftur horfið að sumarþingum, sem síðan hjeldust til 1920, er núgildandi stjórnarskrá batt þinghald við miðvetur, og þó á þann hátt, að breyta mætti þinghaldstíma með einföldum lögum. Segja má því, að skammæ sje reynsla vetrarþinga, en þótt svo sje, þá hefir hún ljóslega sýnt, að á henni eru margir annmarkar, svo sem kostnaðarauki við hitun og lýsingu þinghússins, dýrari, seinni og erfðari ferðir þingmanna, þunglegri og seinklátari vinnubrögð vegna vetrardrungs og óhaganlegrar aðstöðu aðkominna, heimilislausra þingmanna og margs annars, sem nánar mun greint í framsögu.